

---

Alþingi  
Nefndasvið (atvinnuveganefnd)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 727. mál („rammaáætlun“)**

Ég er í hópi þeirra fjölmörgu sem hafa þungar áhyggjur af þróun efnahagsmála og að stjórnvöld séu ekki nægum í tengslum við raunveruleika fólksins í landinu. Þegar litið er á þær einhliða breytingar sem orðið hafa á ofangreindri tillögu til þingsályktunar, er vert að minna á að öfgar í umhverfismálum vega beint að velferð almennings.

Litum á örfáar svipmyndir úr fréttum þessarar viku:

- „Ég tel að miklu fleiri séu í fjárhagslegum erfiðleikum í dag. Þetta er fólkið sem komið er á brúnina,“ segir Harpa Njáls, félagsfræðingur, í tilefni af nýjum tölum Creditinfo sem sýna að um 26.400 einstaklingar á Íslandi eru nú í alvarlegum vanskilum. (Mbl. 9. maí 2012)
- Í nýrri hagspá greiningardeildar Arion banka eru færð rök fyrir því að hagvöxtur næstu ára verði knúinn áfram af þjóðarútgjöldum fremur en útflutningi. Kristrún M. Frostadóttir, sérfræðingur í greiningardeild bankans, dregur í efa að um raunverulega verðmætasköpun sé að ræða hér á landi. Hagvöxturinn sé miklu frekar rekinn áfram af þjóðarútgjöldum en útflutningi.
- Í mati greiningarfyrirtækisins GAM, sem það skilaði til Alþingis vegna þingmálsins, segir: „Breytingar sem urðu á drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu með því að færa virkjanir í neðri hluta Þjórsár og Skrokkölduvirkjun í biðflokk, leiða til þess að fjárfestingar og afleidd áhrif verða um 270 milliörðum krónum minni á árunum 2013 - 2016 en áður var áætlað.“

Þess vegna skora ég á Alþingi að hafna tillögunni í núverandi mynd en virða þess í stað tillögu óháðra sérfræðinga frá því í júlí 2011.

Nafn

Kennitala

G. Sunna Gunnarsdóttir

140379-3529